

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: [www.umbodsmadur.is](http://www.umbodsmadur.is)

Mál nr. 10797/2020

Reykjavík, 3. mars 2021

Sjúkratryggingar Íslands  
María Heimisdóttir, forstjóri  
Vínlandsleið 16  
113 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis hefur leitað A, fyrir hönd ólögráða sonar hennar B, með kvörtun er lýtur að synjun á umsókn um greiðslubáttöku sjúkratrygginga vegna tannréttинга sonar hennar í kjölfar slyss [...].

Eins og fram kemur í bréfi mínu til A, sem fylgir hjálagt í ljósriti, hef ég lokið athugun minni á kvörtun hennar með vísan til 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Ég tel hins vegar ástæðu til að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Eins og fram kemur í hjálögðu bréfi verður ráðið af skýringum sjúkratryggingastofnunar til mín að umrætt erindi tannréttingsérfræðings, sem annast hefur son A, dags. 26. febrúar 2020, hafi verið tekið til efnislegrar athugunar hjá fagnefnd stofnunarinnar en niðurstaða nefndarinnar um að ekki væri tilefni til að endurskoða fyrri ákvörðun hafi ekki verið tilkynnt aðila með skriflegum hætti.

Í 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er lögfest sú óskráða meginregla stjórnsýsluréttarins sem nefnd hefur verið birtningarreglan. Í henni felst að eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarf. Þótt í ákvæðinu séu ekki gerðar sérstakar formkröfur til svara stjórnvalda við erindum borgaranna leiðir af hinni óskráðu meginreglu stjórnsýsluréttarins sem nefnd hefur verið svarreglan að skriflegum erindum skal svara skriflega nema ljóst sé að svars sé ekki vænst. Þá hefur almennt verið lagt til grundvallar að íþyngjandi ákvárdanir beri að tilkynna með skriflegum hætti, sjá Páll Hreinsson: Málsmeðferð stjórnvalda. Reykjavík 2019, bls. 276-277. Það sama getur eftir atvikum átt við um aðrar ákvárdanir þar sem erindi sem varðar hagsmuni viðkomandi einstaklings er hafnað. Í því sambandi bendi ég á að í 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga er að finna sérstakt ákvæði um skyldur stjórnvalda til að veita skriflegar leiðbeiningar þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega, meðal annars um rétt aðila til að fá ákvörðun rökstudda, kærhuheimild og frest til að bera mál undir dómstóla.

Hafa þarf í huga að stjórnsýslureglur eru réttaröryggisreglur og þeim er ætlað að veita hinum almenna borgara tækifæri til þess að

bregðast sem fyrst við afgreiðslu stjórnvalda á erindum þeirra. Þá kunna borgararnir að hafa sérstaka hagsmuni af því að bregðast við afgreiðslu stjórnvaldsins. Þannig getur málсаðili álítið sig hafa verið beittan rangsleitni með afgreiðslu stjórnvaldsins og viljað leita réttar síns af því tilefni með því að leggja fram stjórnsýslukæru eða leita til dómstóla eða umboðsmanns Alþingis. Vitneskja, annars vegar um að stjórnvald hafi afgreitt mál aðilans og hins vegar um efni niðurstöðunnar, er því höfuðforsenda þess að málсаðili geti gripið til slíkra ráðstafana.

Í ljósi framangreinds kem ég þeirri ábendingu á framfæri að betur verði gætt að formi ákvarðana við meðferð málal hjá sjúkratryggingastofnun í framtíðinni. Undirritaður hefur farið með mál þetta frá 1. nóvember sl. á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 85/1997.

Virðingarfyllst,

Kjartan Bjarni Björgvinsson